

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 17.12 2019

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík

Mætt: Heimir, Haukur Már, Þorsteinn, Sófus, Katrín og

Svanur sem sat fund í gegnum fjarfundarbúnað.

Boðuð forföll: Hjörtur

Heimir formaður setti fundinn og skipði síðan Hauk sem fundarstjóra.

Dagskrá fundar:

1. Kirkjuráð/Niðurstaða
2. Fræðslusjóður Grafíu/Beiðni um styrk
3. Opnun á Laugavegi 29
4. Önnur mál

1. Kirkjuráð/Niðurstaða: Haukur gaf Þorsteini orðið um niðurstöðu Kirkjuráðs. Þorsteinn sagði að eftir 2ja daga fundahöld hjá ráðinu hefði okkur verið tilkynnt munnlega að fjósið væri ekki á fjárhagsáætlun fyrir árið 2020. Sagði, að þess vegna væri hugsanlega komin upp ný staða í málinu og ekki ljóst hvert framhald yrði á samstarfi við Skálholt. Við höfum ekki fengið skriflegt svar frá Kirkjuráði og þess vegna var ákveðið að Haukur Már og Þorsteinn skrifuðu ráðinu strax bréf til að fá afgerandi svar sem fyrst. Víglubiskupinn á Hólum hefur sett sig í samband við stjórn og lýst yfir áhuga á samstarfi ef ekkert verður úr samstarfi okkar við Skálholt. Hólar eru sjálfstæð eining.

2. Fræðslusjóður Grafíu/Beiðni um styrk: Það hélt fund í gær og þar var rætt um stóran styrk til Pss sem var fyrirhugað að veita til setursins en þeir voru upplýstir fyrir fundinn um óvissuna með samstarf við Skálholt og þess vegna var málið sett í bið, en jafnframt skrifað bréf með styrkbeiðni til að borga skuld við Pál V. Bjarnason arkitekt 320.000 kr. + vsk, ca 400 þús. kr. alls. og tók sjóðurinn vel í það.

3. Opnun á Laugavegi 29: Heimir ræddi um að það vantaði mannskap til að ganga frá á Laugavegi 29. Hann ræddi líka um nafnið á safninu og vildi að það hétu Prentsögusafn. Haukur Már vildi að það hétu Gamla prentsmiðjan. Haukur kom síðan með málamiðlunartillögu um að það hétu Prentsögusetur/Gamla prentsmiðjan og samþykkti Heimir það nafn. Þorsteinn talaði um að það væri margt sem þyrfti að lagfæra á staðnum áður en opnað væri og svo þyrfti að koma með bækur, spólur og diska o.fl.

4. Önnur mál:

a. Rætt um hvað eigi að gera við gámana og var m.a. stungið upp á að fá pláss fyrir þá í Miðdal. Samþykkt var að halda áfram að leita að stað.

- b.** Heimir ræddi um að jólafundur hefði verið afboðaður og myndatöku af stjórn frestað fram yfir áramót.
- c.** Heimir óskaði eftir lista yfir þá sem ætluðu að styrkja setrið og hver svör þeirra hefðu verið. Þorsteinn ætlar að senda þann lista á stjórn.
- d.** Dagur prents- og miðlunar verður 17. Janúar. Okkur hefur boðist að vera með erindi og fengið pláss til að kynna verkefnið Prentsögusetur. Við ætlum að vera á staðnum og kynna félagið.

Fundi slitið.